



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Yfirlýsing frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu

Í tilefni fjölmiðlaumræðu um heimsóknatakmarkanir á hjúkrunarheimilum vilja Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnd „SFV“) koma eftirfarandi á framfæri:

Þann 6. mars sl. var staðfest að smit vegna Kórónaveirunnar (COVID – 19) væri farið að berast á milli einstaklinga í þjóðfélaginu. Við það tilefni lýsti Ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við Sóttvarnalækni. Síðan þá hefur einnig verið lýst yfir samkomubanni og mörgum stofnunum, eins og menntaskólum og háskólum, verið lokað. Við yfirlýsingu um neyðarstig Almannavarna ákváðu Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu að beina því til hjúkrunarheimila landsins að þau ættu að loka heimilunum fyrir heimsóknum ættingja og annarra gesta. Þau tilmæli voru ekki gefin út af léttúð, heldur að vel ígrunduðu máli og í samráði við Sóttvarnalækni, Landlækni og fjölda fagaðila sem starfa innan hjúkrunarheimilanna og í þjónustu við fólk með heilabilun. Það var samdóma álit þessara fagaðila að þörf væri á slíkri aðgerð og að grípa yrði til hennar sem fyrst. Aðgerðin er gerð með velferð íbúa heimilanna að leiðarljósi en þeir eru flestir aldraðir og / eða með ýmsa undirliggjandi sjúkdóma og eru því í sérstökum áhættuhóp tengt því að veikjast alvarlega af Kórónaveirunni. Leita þarf allra leiða til að draga úr þeirri hættu að íbúar heimilanna smitist.

Eins og kynnt var í upphafi þessa aðgerða er ljóst að þær eru mjög íþyngjandi fyrir alla sem að þessu koma, íbúana sjálfa, ættingja og aðstandendur þeirra, sem og starfsfólk heimilanna. Það getur vitanlega reynst íbúa mjög erfitt að fá ekki heimsóknir frá ættingjum sínum og á sama hátt getur það reynst ættingjum íbúans mjög erfitt að heimsækja hann ekki. Það er samt nauðsynlegt að grípa til þessara ráðstafana til að draga úr líkum á að íbúi veikist af veirunni. Þá hafa margir íbúar hjúkrunarheimila og aðstandendur þeirra lýst yfir ánægju með þessa ákvörðun og að tilmælum yfirvalda sé fylgt í hvívetna.

SFV hafa ekki hvatt sérstaklega til almennra lokana á sértækum dagdvölum fyrir aldraða að svo stöddu. Fulltrúar samtakanna funda reglulega með fulltrúum sóttvarnarlæknis, Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytisins um stöðu mála, bæði hjá hjúkrunarheimilunum og dagdvölum. Það hvort þörf sé á almennu heimsóknarbanni er endurskoðað daglega og heimsóknir eru leyfðar undir ákveðnum kringumstæðum, t.d. ef upp koma erfið veikindi hjá íbúum. Það er enginn sem hefur hagsmuni af því að viðhalda þessu ástandi lengur en þörf krefur. Um er að ræða tímabundið ástand í fordæmalausum faraldri, a.m.k. á seinni árum. Vonandi verður hægt að gera breytingar á þessum takmörkunum fyrr en seinna.

Reykjavík, 19. mars 2020
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri.